



Hjólastóll

Elite

Notendaleiðbeiningar

Trönuhrauni 8
220 Hafnarfjörður
Sími 565 2885 / Fax 565 1423
stod@stod.is / www.stod.is

1 ALMENNT

Kynnið ykkur bæklinginn vel áður en nýr stóll er tekin í notkun til þess að fyrirbyggja ranga meðhöndlun hans.



Varnarorð, hvað ber að varast við notkun hjólastólsins.

(!) Sérstök ráð eða ábendingar.

Veltivörn er aftan á hjólastólnum og ef hún er rétt stillt hindrar hún að hann fari aftur fyrir sig. Við mælum með því að veltivörnin sé ávallt höfð á og rétt stillt, nema því aðeins að þú sért vanur hjólastólanotandi með gott vald á stólnum.

Elite er alhliða stóll til nota bæði utan húss og innan. Hann er prófaður og viðurkenndur samkvæmt ISO staðli 7176. Prófið er unnið af Handikappsinstitutet í Svíþjóð, Tüv í Þýskalandi og Tno í Hollandi.

Setbreidd: Frá 35 til 45 cm
Setdýpt: Stuttur rammi 42 cm. Langur rammi 48 cm
Stillanleg setdýpt: Stuttur rammi 42 - 48 cm. Langur rammi 48 - 54 cm.

Hámarks burðargeta: 100 kg


Endingartími: Hjólastóllinn mætir kröfum staðalsins: prEN 12183-84. Etac telur að þetta próf svari til 5-6 ára endingar miðað við venjulega notkun á stólnum. Þetta þýðir að við teljum endingartíma stólsins vera fimm ár miðað við hefðbundna notkun eins og sama notandans. Endingartími hjólastóla fer fyrst og fremst eftir fötlun notandans og keyrslu/notkun stólsins. Þetta þýðir að einstaka notendur geta átt von á bæði styttri og lengri endingartíma en ofan er greint.

Verkfærasettið inniheldur: 5 sexkanta: 2, 3, 4, 5 og 6 mm
2 skrúflykla: 10 og 8 mm
1 hulsulykill: 24/19 mm

2 MEÐHÖNDLUN OG FLUTNINGUR


2:1 Stóllinn lagður saman

- Fjarlægjið arma/hliðarhlífur.
- Takið drifhjólin af.
- Fellið bakið fram með því að toga upp vírinn.



2:2 Stóllinn opnaður

- Setjið drifhjólin á sinn stað.
- Reisið bakið upp.
- Setjið arma/hliðarhlífur á sinn stað.




△ Gangið úr skugga um að drifhjólin séu föst í öxlum.
Hraðlosunarhnapparnir eiga að ganga vel út.

2:3 Stólnum lyft

- Lyftið stólnum með því að taka í keyrsluhandföng og í stólrámmann að framan eins og örvarnar sýna.

△ Gangið úr skugga um að ökuhandföngin séu föst áður en að stólnum er lyft.



2:4 Flutningur í bíl.

Fólksbíl: Æskilegt er að hafa hjólastólinn í farangursrými bílsins við flutning. Ef það er ekki mögulegt skal stóllinn skorðaður í sæti þannig að hann geti ekki runnið til eða oltið. Festið stólinn með öryggisbelti ef hægt er.

Hjólastólabíll: Notandinn skal sitja í bílsæti og hjólastóllinn örugglega skorðaður þannig að hann geti ekki runnið til eða oltið.



Ef bíllinn er útbúinn með tilhlýðilegum festingum fyrir hjólastóla er óhætt fyrir notandann að sitja í stólnum ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Festingar fyrir þriggja punkta belti skulu vera aðgengilegar við hlið stólsins og einnig hnakkapúði. Stöðugleikabelti og hnakkapúði sem eftir vill hafa fylgt stólnum nægja ekki til að tryggja öryggi notandans við umferðaróhapp.

- Hjólastóllinn skal festur örugglega við gólf bílsins, festa skal í ramma stólsins ekki hjól hans. Boginn/hallinn á festingunum skal vera á milli 0 - 30°.

△ Beltið sem fylgir hjólastólnum er ekki nægilegt til að forða notandanum frá því að hendast úr stólnum við umferðaróhapp eða þegar bremsað er snögglega.

Það getur aldrei komið í stað öryggisbelta bílsins.



7 STILLINGAR: BAK

7:1 Bakstuðningur

Bakhallinn er stillanlegur og bakstuðning er hægt að stilla með áklæðinu.


△ Hætta er á að stóllinn fari aftur fyrir sig: Athugið alltaf stöðu veltivarna eftir að hafa stillt bak stólsins.

7:2 Hæð á baki

Hæðin er stillt með því að saga bakrörið í sundur. Ef ökuhandföngin eru notuð er bakrörið tekið í sundur 10 mm fyrir ofan gatið sem fest er í. Valmöguleikar á bakhæð eru 40, 38, 36, 34, 32 og 30 cm.

Áhöld: Járnsög

(!) Með ökuhandföngum verður bakrörið 3 cm lengra. Ef þörf verður á að lengja bakrör sem þegar hefur verið stytt, er hægt að fá lengingar á bakrörið fyrir föst ökuhandföng. Hámarkshæð á baki er 40 cm að lengingu meðtalinni.




7:3 Bakhalli

Bakhallinn er með fastar stillingar í $+3^\circ$ 0° -3° -5° -8° -10° . Fjarlægið skráfu (A), losið skráfu (B) einn hring. Færið í óskaðan vinkel með því að setja skráfu (A) í óskaða vinkilstöðu. Festið skráfurnar aftur.

Áhöld: 4 mm sexkantur

(!) Fellið bakið niður á sætið þegar bakhallinn er stilltur. Hafið nægjanlegt rými fyrir bakáklæðið á milli sætisins og baksins.



△ Veltivörn: Athugið alltaf stöðu veltivarna eftir að hafa stillt bakið á stólnum.


7:4 Bakstuðningur

Form baksins er stillanlegt með fjórum velcroböndum og bakáklæðinu.

- Gefið áklæðinu gott rými á milli setu og baks stólsins, þannig að hægt sé að "setjast inn" í stóllinn upp að bakinu.
- Losið um öll velcro böndin þannig að notandinn sitji eins aftarlega í stólnum og hægt er.
- Herðið velcro böndin þannig að þau fylgi útlínunum baksins og veiti stuðning við mjóbakið.

△ Veltivörn: Athugið alltaf stöðu veltivarna eftir að hafa stillt bakið á stólnum.

samanber bls. 14 í bæklingi




8 STILLINGAR: FÓTAFJALIR

8:1 Hæð á fótaboga

Etac Elite stöðluð útfærsla er með fótaboga sem er hæðarstillanlegur.

Hæð Losið skrúfurnar (A) sem eru festar á bakhlið bogans, vinstra og hægra megin. Stillið bogann í þá hæð sem óskað er. Hámarkshæð: 9 cm frá gólfi. Lágmarkshæð: 4 cm frá gólfi



Áhöld: 6mm sexkantur

- (!) - Hægt er að fá hærri fótaboga fyrir þá sem vilja hærri fótstuðning en staðlaði fótaboginn býður upp á.




Við notkun utandyra ætti fótaboginn að vera minnst 5 cm frá jörðu. Standið aldrei á fótaboganum því þá er hætt á að stóllinn spöðreisist.

8:2 Uppfellanlegar fótplötur

Etac Elite er fánlegur með uppfellanlegum fótplötum sem eru stillanlegar í hæð, dýpt og halla.

Þegar uppfellanlegar fótplötur eru notaðar verður að bæta framöxli á stólinn til að auka stöðuleika hans.

Halli Losið skrúfur (C) lauslega. Snúið fótplötunni þar til réttum halla er náð og festið skrúfurnar aftur.



Áhöld: 5mm sexkantur

Dýpt Hliðar fótplötunnar eru mislangar. Með því að færa þær á milli fótafjalanna (hægri yfir til vinstri og öfugt) munu fótplöturnar ná lengra fram.

- (!) Ef dýptinni er breytt, þarf einnig að stilla hallann.




Við notkun utandyra skulu fótplöturnar stilltar í a.m.k. 5 cm frá jörðu.

Standið aldrei á fótplötunum því þá er hætt á að stóllinn spöðreisist!

8 STILLINGAR: FÓTAFJALIR

8:3 Heil fótaplata

Etac Elite er fáanlegur með heilli fótaplötum sem hægt er að sveigja undir setuna. Fótaplattan er stillanleg í hæð, dýpt og halla. Með fótaplötunni er stuðningsbogi sem er festur á milli fremri röra rammans til að stóllinn verði stöðugri.



Áhöld: 5 mm sexkantur



Við notkun úti ætti að vera minnst 5 cm frá fótplötu til jarðar.
Standið aldrei á fótplötunni þar sem hættu er á að stóllinn sporðreisist!


10 AUKAHLUTIR: UPPLÝSINGAR OG STILLIMÖGULEIKAR

Upplýsingar um stillingar fylgja alltaf aukahlutum þegar þeir eru afhentir frá Etac. Auk þess er hægt að fá upplýsingar síðar með því að hafa samband við umboðsaðila.

10:1 Sætispúði

Sætispúðinn afhendist 56 cm langur. Skerið annað hvort af fram- eða afturhluta púðans þannig að hann passi í lengdina. Gætið þess að púðinn liggi vel á milli bakrörastólsins, með ávöluhomin aftur þegar lengdin er mæld.

 Púðinn er staðlaður og ekki ætlaður notendum með setsár.



10:2 Armar, losanlegir og hæðarstillanlegir


Á Elite er fáanleg styttri gerð af losanlegum örmum. Armarnir eru stillanlegir í hæð milli 19-26 cm, með 1 cm millibili.

- Losið alveg skúfur á hliðarhlífunum.
- Rennið hliðarhlífinni upp eða niður í óskaða stöðu.
- Festið skúfur aftur.

 Áhöld: 3 mm sexkantur.

- (1) Festingin er bæði til að halda hliðarhlífunum og til að stilla hæð armanna. Ef hliðarhlífarnar eiga að fylgja með hæð armanna er hægt að panta auka festingu og skúfu. Hvernig setja á armfestingar - sjá skýringar sem fylgja þeim.


 Notið aldrei armana til að lyfta stólnum.



10:3 Bólstrun á arma

Bólstruðu áklæði er hægt að bæta á losanlegu armana eða panta með strax í upphafi. Púðarnir eru dökkgráir og þá má þvo.

- (1) Bólstrunin hækkar armana um 1,5 - 2 cm.



10 AUKAHLUTIR: UPPLÝSINGAR OG STILLIMÖGULEIKAR

10:4 Armar, losanlegir og hæðarstillanlegir

Hæðarstillanlegir á þrjá vegu: 19 cm, 23 cm og 27 cm.

Til að stilla hæð: Losið skrufu (2). Fjarlægjið lásatappana (3 og 4). Stillið í óskaða hæð.


- 1) Armrör hægri/vinstri
- 2) Skrufa
- 3) Lásatappi hólkur
- 4) Lásatappi M5
- 5) Festing fyrir arminn
- 6) Áklæði á arminn
- 7) Skrufa



Áhöld: 5 mm sexkantur



Notið aldrei armana til að lyfta stólnum. Þessa arma er ekki hægt að nota með veltivörn.



10:5 Hliðarhlífur, harðar, gegnsæjar

Hliðarhlífarnar eru gerðar úr plasti (polycarbonat) og eru festar við stólinn með bogum sem festir eru á bakrörin. Hliðarhlífarnar eru þannig gerðar að auðvelt er að taka þær af stólnum.


Leiðbeiningar um hvernig festa eigi hlífarnar fylgja þeim.



Áhöld: Stjörnuskrúfjárn 5mm og 3 mm sexkantur.



Notið aldrei hliðarhlífarnar til að lyfta stólnum.



10:6 Aurhlífur, mjúkar


Aurhlífarnar eru gerðar úr polyester og eru festar við stólinn með tveimur skrufum í bakrörin. Gerið gat á bakáklæðið með síl. Gætið þess að gatið sem þið gerið stemmi við gatið sem er á bakrörinu sjálfu. Fremri hluti aurhlífanna festist við stólinn með velcro bandi.



Áhöld: Stjörnuskrúfjárn



Notið aldrei aurhlífarnar til að lyfta stólnum.



11 MEÐHÖNDLUN OG VIÐHALD

Áklæði

Áklæðið er gert úr tveggja laga polyester.

Áklæði setunnar er fest með böndum undir setunni og er auðvelt að losa það. Áklæði baksins er fjarlæggt með því að losa dúkinn, teygjubandið og eftir vill aðra aukahluti og toga áklæðið upp af bakrörinum.

Áklæði setu og baks má þvo við 40° í þvottavél.

Drifhjól/framgaffla festingar

Dekk: Athugið þrýsting í dekkjunum (sjá hliðar þeirra) að minnsta kosti einu sinni í mánuði.

Teinar hjólana: Lausir teinar geta orsakað óstöðugleika stólsins.

Hjólaöxlar: Gætið þess að hjólaöxlarnir séu lausir við óhreinindi.

Kúlulega: Þarfnast ekki viðhalds.

Drifhringir: Ef drifhringur skemmist þannig að hætta er á að hann skaði hendurnar skal honum skipt út.

Framgafflafestingar: Gætið þess að hallastilla þær rétt, þannig fæst best nýting. Athugið einnig að framgaffallinn sé fastur, sjá grein 12.4.

Bremsur

Virgni bremsanna er háð þrýstingi í drifhjólum. Óhreinindi geta einnig haft neikvæð áhrif á virkni þeirra. Athugið bremsurnar minnst einu sinni í mánuði. Ef þörf er á að stilla þær, sjá grein 6:8

Þrifáramma

Nauðsynlegt er að halda stólnum hreinum bæði til að tryggja endingu hans og til þæginda fyrir notandann. Elite er auðvelt að þrifa. Þvoiid stóllinn með bílasápu eða uppþvottalegi. Ef stóllinn er sérstaklega óhrein er hægt að nota fituhreinsi á hann.

Viðgerðarlakk

Litlar flöskur með viðgerðarlakki til að lakka yfir rispur eru fáanlegar í öllum litum Etac stólanna.

Gallar/skemmdir

Ef stóllinn er gallaður skaltu strax hafa samband við umboðsaðila hans. Skemmdan stól skal ekki nota. Ef stóllinn þarfnast endurbóta eða viðhalds skal einungis nota Etac varahluti eða fullkomlega sambærilega að gæðum. Etac getur ekki ábyrgt eyðileggingu eða skemmdir sem orsakast af notkun annara varahluta en frá framleiðanda.